

**LANDSSAMBAND LÍFEYRISSJÓÐA
SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi
Erindi nr. P 122/376
komudagur 3.12.'97*

Reykjavík 2. desember 1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi
150-Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sambönd lífeyrissjóðanna, SAL og LL, hafa yfirfarið frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um 3. gr.:

Skýra þarf nánar í texta frumvarpsins iðgjaldsstofninn. Jafnframt er eðlilegt að í þessari grein sé iðgjaldsstofn einstaklings í sjálfstæðum atvinnurekstri skýrður en sú skilgreining er nú í 6. gr.

Um 6. gr.:

Samböndin telja eðlilegt að hlutverk ríkisskattstjóra lúti að eftirliti með innköllun upplýsinga um iðgjaldsskil frá atvinnurekendum, einstaklingum og lífeyrissjóðum. Ríkisskattstjóri sjái um samkeyrslu upplýsinganna og afhendi lífeyrissjóðunum sem síðan sjá um innheimtu vangoldinna iðgjalda.

Um 7. gr.:

Lagt er til að 2. málslíður, 2.mgr. 7. gr. orðist þannig: *“Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.”* Þannig hafa laungreiðendur sama greiðslufrest án tillits til þess til hvaða lífeyrissjóðs verið er að skila iðgjöldum og jafnframt er þessi regla nánast algild við innheimtu iðgjalda til sjóðanna í dag og ekki verður séð að ástæða sé til breytinga á því.

Um 9. gr.:

Lagt er til að 2. mgr. 9. gr. verði gerð almenn fyrir alla aðila, sem veita mega viðtöku viðbótariðgjaldi vegna lífeyrissparnaðar eða viðbótartryggingaverndar skv. 3. mgr. 8. gr. Ekki verður séð með hvaða rökum settar eru sérstakar skyldur á herðar lífeyrissjóða um að þeir fái staðfesta aðild sjóðfélaga að lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar umfram aðra þá aðila sem veita iðgjaldi til viðbótartryggingaverndar móttöku.

Um 14. gr.:

Ákvæði um flutning ellilífeyrisréttinda milli maka og sambúðarfólks samkv. tölulið 2 og 3 í 3. mgr. 14. gr. þarfnast nánari útfærslu. Ráðrúm gefst hins vegar til að útfæra nánar þessi ákvæði þar sem þau taka ekki gildi fyrr en 1. maí 1999.

Um 16.gr:

Skilja má orðalag 16. gr. þannig að ekki þurfi að framreikna makalífeyri að uppfylltum skilyrðum. Því leggja samböndin til að í síðustu mgr. 16. gr. verði skotið orðinu "framreikningsreglur" og þannig orðist mgr. í heild sinni. "Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri, svo sem um fjárhæð hans, *framreikningsreglur*, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans."

Um 18. gr.:

Lagt er til að í 3. mgr. verði kveðið fastar að orði og upphaf mgr. orðist þannig: "*Setja skal í reglugerð ákvæði um kerfisbundna skráningu*" Þessi breyting er lögð til með vísan til þess að við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 91/1980 "um skráningu lífeyrisréttinda". Mikilvægt er að haldin sé skrá um í hvaða lífeyrissjóðum réttindi einstakra sjóðfélaga hafa stofnast til þess að koma í veg fyrir að ekki sé tekið tillit til allra áunninna réttinda við úrskurð lífeyris. Slík skrá er haldin í dag að frumkvæði sambandanna af Reiknistofu lífeyrissjóða með leyfi tölvunefndar og fjármálaráðuneytisins.

Um 19. gr.:

Lagt er til að eftirfarandi setning í 4. mgr. falli brott. "*Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins.*" Ástæða tillögunnar er augljós. Það er fráleitt að erlendur ríkisborgari sem greiðir um tiltekið skeið til lífeyrissjóðs og nýtur á greiðslutímanum fullra réttinda til áhættulífeyris, þ.e. framreiknaðra réttinda vegna örorku- og makalífeyris, geti að tímabilinu loknu tekið út allt iðgjaldið.

Í 5. mgr. er lagt til að í stað "reglugerð" komi "*samþykktum*".

Um 27. gr.:

Í frumvarpið vantar ákvæði um að í samþykktum lífeyrissjóðs skuli kveðið á um gerðardóm í því tilviki að sjóðfélagi eða erfingi sjóðfélaga vilji ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi réttindi hans eða inneign í sjóðnum. Því leggja samböndin til að nýr töluliður bætist við 2. mgr. 27. gr. sem orðist svo:

"12. Hlutverk og skipan gerðardóms."


Um 36. gr.:

Samböndin leggja til að viðmiðanir í 3. tölulið 1. mgr. verði felldar brott og töluliðurinn orðist með eftirfarandi hætti: " 3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign." Samböndin telja eðlilegt að veðreglur fari eftir samþykktum einstakra sjóða.

Ennfremur leggja samböndin til að síðasti málslíður 5. mgr. orðist með eftirfarandi hætti: "*Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki, nema um sé að ræða fyrirtæki sem ætlað er að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði*". Þessi undanþága frá hinni almennu reglu um hámarkseign er nauðsynleg þar sem sjóðirnir þurfa að geta stofnað félög um tiltekna þætti í starfsemi sinni. Þannig má vísa til stofnunar og starfrækslu félaga eins og Reiknistofu lífeyrissjóða og Eignarhaldsfélags lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands lífeyrissjóða



f.h. Sambands almennra lífeyrissjóða

